

INNKAUPAREGLUR fyrir Sveitarfélagið Árborg

I. Kafli. Tilgangur, gildissvið og ábyrgð

1. gr. Tilgangur

Reglur þessar eru settar til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum Sveitarfélagsins Árborgar og tengdra aðila. Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að innkaupum sé hagað í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnslá á sviði innkaupa sé vönduð. Fjármálasvið skal hafa frumkvæði að því að samræma innkaup þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins hafa almennt not fyrir.

2. gr. Gildissvið og ábyrgð

Reglur þessar gilda fyrir Sveitarfélagið Árborg og allar stofnanir, deildir og fyrirtæki sem rekin eru af sveitarfélaginu.

Ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins og ákvæði laga er á höndum framkvæmdastjóra viðkomandi sviða.

II. Kafli. Samningar og innkaupaaðferðir

3. gr. Innkaupaaðferðir

Við innkaup skal fylgja gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Ávallt er heimilt að nota þær innkaupaaðferðir sem fjallað er um í lögum um framkvæmd útboða og lögum um opinber innkaup eins og þau eru á hverjum tíma. Þá er einnig heimilt að nýta eftirfarandi aðferðir við innkaup:

- Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Innkaup samkvæmt rammasamningi.
- Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Samningur eða pöntun án undangengins útboðs eða fyrirspurnar.
- Samningskaup að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- Samningskaup án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- Samningskaup vegna hönnunarsamkeppni.

4. gr. Samningar og fjárhæðir

Almennt skal beita útboðum við innkaup þegar áætluð fjárhæð innkaupa vegna verklegar framkvæmdar er yfir 49.000.000. kr. en yfir 28.000.000.- þegar um vöru og þjónustu er að ræða. Öll viðmiðunarverð eru með virðisaukaskatti.

Ótímabundnir samningar skulu innihalda ákvæði sem heimilar sveitarfélaginu einhliða uppsögn viðkomandi samnings með að hámarki 3ja mánaða fyrirvara.

5. gr. Umsjón innkaupa

Sviðsstjórar í samráði við framkvæmdastjóra hafa yfirumsjón með innkaupum á þeim sviðum sem þeir stýra. Framkvæmdastjóri getur falið öðrum en sviðsstjórum yfirumsjón með tilteknum innkaupum.

6. gr. Fyrirspurnir

Þegar ekki er viðhaft útboð vegna innkaupa vöru, verka eða þjónustu skal fyrirspurn almennt vera undanfari viðskipta. Fyrirspurn er framkvæmd, þar sem útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Opnun tilboða, á tilsettum opnunartíma, skal skráð af starfsmönnum.

7. gr. Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætíð skal semja við þann aðila sem getur á hagkvæmast tilboð ef miðað við kröfur sveitarfélagsins, lög og reglur. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í forsendum kaupanda fyrir kaupum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum fyrir vali má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Við gerð útboðsgagna skal taka mið af umhverfissjónarmiðum, m.a. líftímakostnaðar, þar sem það á við.

Kaupandi skal meta tilboð á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs sem fram komu í upphaflegri lýsingu kaupanda eða skýringargögnum og skal velja hagkvæmasta tilboð. Kaupanda er heimilt að óska eftir því að sá þátttakandi sem á hagkvæmasta boð skýri atriði í tilboði sínu eða staðfesti tilteknar skuldbindingar sem þar hafa komið fram.

Viðsemjendur sveitarfélagsins og tengdra aðila skulu hafa þær váttryggingar sem nauðsynlegar eru vegna viðskiptanna og uppfylla kröfur kjarasamninga. Þá skulu viðsemjendur sveitarfélagsins sjá um að allt starfsfólk sem kemur að verkefnum á grundvelli samninga við sveitarfélagið sé slysatryggt og að greidd séu laun og lögboðin og samningsbundin gjöld skv. gildandi kjarasamningum á hverjum tíma. Viðsemjendum sveitarfélagsins er skylt að afhenda sveitarfélaginu, ef óskað er, afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim ábyrgðartryggingum, sem þörf er á hverjum tíma.

Komi upp grunur um að viðsemjandi hafi ekki gildar váttryggingar eða að kröfur kjarasamninga séu ekki uppfylltar skal leita leiða til þess að viðsemjandi bæti úr því sem áfátt er.

8. gr.
Hæfi bjóðenda/viðsemjenda

Fjárhagsstaða samningsaðila skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gangvart kaupanda

9. gr.
Meðferð reikninga vegna innkaupa

Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun. Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrirfram.

10. gr.
Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður kaupanda eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans sbr. hæfisreglur í 3.gr. stjórnarsýslulaga.

Starfsmönnum kaupanda og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum kaupanda er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir sem tengjast viðskiptum við sveitarfélagið nema með samþykki framkvæmdastjóra.

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls.

11. gr.
Meðferð samninga

Allir samningar sem gerðir eru í nafni sveitarfélagsins vegna verklegra framkvæmda, eða kaupa á vöru og þjónustu skulu vistaðir í skjalasafni sveitarfélagsins.

12. gr.
Gildistaka og endurskoðun.

Fjárhæðir skv. þessum reglum skal endurskoða ár hvert. Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt í bæjarstjórn.

Samþykkt í bæjarstjórn Árborgar þann 16. janúar 2019
